

**Nd.**

**356. Nefndarátt**

um frv. til laga um skattfrelsi fyrir h/f. Eimskipafjelag Íslands.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta var sent borgarstjóranum í Reykjavík til umsagnar, og hefir hann í mjög ítarlegu erindi 9. þ. m. mótmælt því, að Eimskipafjlagið verði með

**lögum undanþegið greiðslu sveitarútsvars. Segir svo um þetta í brjefi borgarstjórans :**

»Hvað sjálft frumvarpið snertir um skattfrelsi Eimskipafjeldagsins skal jeg láta í ljós þá skoðun mína, að ekki sjeu til nein frambærileg rök fyrir því, að fjelagið sje undanþegið útsvari til bæjarsjóðs. Það nýtur hjer allra sömu hlunninda og önnur fyrirtæki, sem starfrækt eru í bænum, og hlýtur að taka þátt í kostnaði þeim, sem bæjarfjeldagið hefir til að geta veitt þau, í hlutfalli við getu sína á móts við aðra borgara og fyrirtæki. Útsvar hefir og ávalt verið lagt á fjelagið mismunandi eftir því sem arður þess hefir verið. Árið 1919 var arðurinn kr. 1211338,48 + 96574,55 = kr. 1307913,03 og útsvarið 1920 kr. 85000, c. 6,5% ; árið 1920 var arðurinn kr. 533806,65 + 151668,00 = kr. 685474,65 og útsvarið 1921 kr. 50000,00, c. 7,3% ; árið 1921 var arðurinn kr. 485278,91 + 112805,50 = kr. 598084,41 og útsvarið 1922 kr. 40000,00, c. 6,7% ; árið 1922 var arðurinn kr. 203891,74 + 111456,13 = kr. 315347,87 og útsvarið 1923 kr. 45000,00, c. 14,2%. Útsvör fjeldagsins þessi 4 ár hafa þannig verið að meðaltali c. 8,7% af arði þess árið áður, og er þetta talsvert lægra útsvar en lagt hefir verið sömu ár á tekjur annara atvinnufyrirtækja og á einstaklinga, sem hafa haft miklar tekjur.

Það er því ekki hægt að rjettláeta framkomu hjer umrædds frumvarps með því, að Eimskipafjeldaginu hafi undanfarið verið íþyngt með til-  
tölulega háum útsvörum, og það er vissulega engin hætta á því, að svo verði gert framvegis, heldur mun útsvarið lækka með lækkandi arði.

Það kann satt að vera, að Eimskipafjeldagið eigi nokkuð erfða aðstöðu í bili, vegna gengislækkunar krónunnar, en það er ekki sjerstakt fyrir þetta fjelag, heldur tekur það til allra, sem skulda fje í útlöndum, ekki síst til bæjarfjeldagsins sjálfs, sem skuldar c. 4<sup>3</sup>/<sub>4</sub> miljón króna í útlöndum, en útlendar skuldir Eimskipafjeldagsins eru í reikningunum fyrir árið 1922 taldar alls tæplega 1 miljón. Eimskipafjeldagið stendur og það betur að vígi en flestir aðrir, að flutningsgjöld fyrir vörur frá útlöndum eru að mestu leyti greidd í erlendri mynt, dönskum krónum og sterlingspundum.

Fellst minni hluti allsherjarnefndar á þessi rök gegn frv. Hið sama gildir einnig um skattfrelsi til rikissjóðs, að öðru leyti en því, að fjárveitingarvaldið getur auðvitað styrkt þau fjelög eða stofnanir af fje rikissjóðs, sem þess eru makleg og nauðsyn þykir til bera að styrkja.

Ræður minni hlntinn hv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Jón Baldvinsson,  
fundaskrifari,  
frsm. minni hl.

Magnús Jónsson.